

Ársfundur félagsliða 2014

Áttundi ársfundur faghóps félagsliða var haldinn þann 16. apríl 2013.

Kristín Björnsdóttir las ársskýrslu faghópsins 2012-2013.

Fanney ítrekaði framhaldsnám í Borgarholtsskóla og eins Alzheimeránám, nám í fötlun og geðfötlun hjá Mími símenntun og hversu mikilvægt það er fyrir félagsliða að halda því góða námi áfram.

Lilja Eiríksdóttir sagði frá framhaldsnámi sínu í Borgarholtsskóla, það er fjarnám eða dreifnám eins og það er kallað. Lilja sagði það hafa það mikil viðbrigði að fara í svona nám þar sem hún hafði lítið unnið með tölvur. Þrjónaskapurinn var nánast lagður á hilluna og setur við sjónvarp urðu að víkja og einungis útvaldir þættir fengu náð fyrir hennar augum. En uppskeran kæmi margfalt til baka, námið væri afskaplega spennandi og víkkaði sjóndeildarhringinn svo um munaði.

Þá kom einnig til okkar Salvör Jónsdóttir formaður Félags íslenskra félagsliða á fundinn og greindi okkur frá því að fimm hundruð félagsmenn væru innan þeirra raða. Félagið var stofnað 10. apríl 2003 og haldið var upp á það um þær mundir. Salvör sagði einnig frá því að fagfélagið hefði sent formlega beiðni til Velferðarráðuneytisins um löggildingu á starfsheiti félagsliða og eftir að hafa verið þar til umsagnar hjá Landlækni væri svars að vænta innan skamms.

Fram kom að félag íslenskra félagsliða væri fagfélag en þess utan væri hver og einn í sínu stéttarfélagi.

Harpa Andersen og Kristín Björnsdóttir gáfu áfram kost á sér til stjórnarsetu 2013-2015.

Sameiginlegur félagsfundur félagsliða og leiksskólaliða var haldinn þann 30. október 2013

Þar fór Sigurður Bessason yfir stöðu mála í kjarasamningum sem framundan væru þar sem almenni markaðurinn væri laus 30. nóvember en samningar Reykjavíkurborgar, ríkisins og hjúkrunarheimila 1. febrúar 2014.

Gert væri ráð fyrir stuttum samningum 8-12 mánuði þar sem mikil óvissa væri framundan og því heppilegra að gera stutta samninga.

Síðan kom einnig til okkar hin frábæra kjarnakona Sigríður Klingenberg sem fór á kostum og fékk okkur til að sjá aðra vinkla á okkur og fólki í kringum okkur. Þá mætti hún með bækur eftir sig sem hún seldi og áritaði fyrir hverja og eina.

Varðandi löggildingarmálin og starfið í kringum það kom svar frá Velferðarráðuneytinu þar sem Landlæknisembættið óskaði eftir nánari upplýsingum um starf félagsliða. Úr varð að samstarf var sett á laggirnar við Starfsgreinasambandið og SFR þar sem hópurinn hittist þann 4. nóvember síðast liðinn. Í honum sitja Drífa frá Starfsgreinasambandinu, Harpa og Fanney frá Eflingu-stéttarfélagi ásamt Salvöru, Þórarni og Jóhönnu frá SFR. Sent var ítarlegt bréf til Landlæknis 24. janúar 2014 sem fylgt var eftir með fundi í framhaldinu. Þar liggur bréfið en og alls óvíst hversu langan tíma þetta tekur. En í samanburði við aðrar umsóknir um störf sem bíða svars varðandi löggildingu stöndum við ágætlega að vígi. Það kom fram hjá Landlæknisembættinu að það viðbótarnám sem boðið er upp á fyrir félagsliða gæti styrkt umsókn félagsliða um löggildingu.

Nú er nýbúið að ganga frá kjarasamningum við Reykjavíkurborg og almenna markaðinn en ennþá á eftir að ganga frá samningi við ríki, hjúkrunarheimili og önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg.

Það er síðan í okkar höndum að halda áfram að hamra járníð, sýna jákvæðni, samstöðu, vera sýnileg og síðast en ekki síst vera stoltar af námi okkar og notum nafnið félagsliðar við öll tækifæri !